

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 900/2023 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

##### *Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.*

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði:	
<i>Tegundir úrgangs og ílát í grunneiningu</i>	<i>kr.</i>
Blandaður úrgangur 240 l ílát	36.900
Lífúrgangur 240 l ílát	9.900
Pappi og pappír 240 l ílát	4.900
Plast 240 l ílát	4.900

##### *Önnur ílát:*

Blandaður úrgangur 660 l ílát	79.900
Pappi og pappír 660 l ílát	13.500

##### *Losunartíðni:*

Ílát fyrir lífúrgang: söfnun á 21-28 daga fresti.

Ílát fyrir pappír: söfnun á 42 daga fresti.

Ílát fyrir plast: söfnun á 42 daga fresti.

Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang: söfnun á 21-28 daga fresti.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húseigandi óskar eftir viðbótaríláti eða stærra íláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og ílát.

Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

#### 3. gr.

##### *Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og gámasstöðva og meðhöndlun úrgangs.*

Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað og rekstur gámasvæðis:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði 11.130 kr.

Innheimta skal gjald vegna reksturs grenndarstöðva:

Frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta 14.310 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 14.320 kr.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámasstöð fyrir samtals 4,5 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færir ekki milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámasstöð fyrir samtals 10 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færir ekki milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi 5.000 kr.

Íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu greiðir gjald vegna reksturs grenndarstöðva til viðbótar við gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð og miðast gjaldtaka við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er.

4. gr.

*Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald til Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> af flokkuðum eða óflokkuðum úrgangi er 6.500 kr.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 6. desember 2023. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1723/2022 vegna meðhöndlunar úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 6. desember 2023.*

**Iða Marsibil Jónsdóttir** sveitarstjóri.